

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

Brennsluofn fyrir dýrahæ og dýraleifar á Strönd á
Rangárvöllum



Mat á umhverfisáhrifum

Tillaga að matsáætlun



8. apríl 2020

Forsíðumynd: Úr safni Rangárþings ytra
Ljósmyndir og kort: Environice
Unnið af Environice fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
1.1 Almennt um framkvæmdina.....	5
1.2 Tillaga að matsáætlun	6
1.3 Matsskylda	6
1.4 Leyfisumsóknir.....	6
1.5 Mat á umhverfisáhrifum - tímaáætlun og umsjón.....	7
2. Um framkvæmdina	8
2.1 Tilgangur og markmið.....	8
2.1.1 Förgunarleiðir skv. reglugerðum.....	8
2.2 Núverandi starfsemi	9
2.3 Lýsing framkvæmdar.....	9
2.3.1 Brennsluofn.....	9
2.3.2 Lóð	10
2.3.3 Geymsla á dýrahæjum og önnur mannvirki	11
2.4 Valkostir.....	12
3. Staðhættir og skipulag	14
3.1 Staðsetning og afmörkun	14
3.2 Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir.....	14
4. Mat á umhverfisáhrifum	15
4.1 Tilgangur mats á umhverfisáhrifum.....	15
4.2 Þættir sem valda áhrifum	15
4.3 Áhersluþættir mats á umhverfisáhrifum.....	16
4.3.1 Loftgæði.....	16
4.3.2 Frárennsli.....	17
4.3.3 Ásýnd og sjónrænir þættir.....	17
4.3.4 Lífríki	18
4.3.5 Samfélag og atvinnulíf	18
4.3.6 Lykt.....	18
4.3.7 Hljóðvist og umferð	19
5. Kynning og samráð	20
6. Gögn og heimildir	21

Myndaskrá

Mynd 1. Staðsetning urðunarstaðarins á Strönd í Rangárþingi ytra.....	5
Mynd 2. Brennsluofn af gerðinni i8-1000A	10
Mynd 3. Tillaga framleiðanda að lágmarksstærð stálgrindarskýlis utan um ofninn.....	10
Mynd 4. Áætluð staðsetning brennsluofns (appelsínugulur reitur) innan urðunarsvæðisins. ..	11
Mynd 5. Áætluð staðsetning brennsluofns.	12

Töfluskrá

Tafla 1. Helstu áhrifaþættir vegna brennsluofns.	16
Tafla 2. Samanburður á leiðbeinandi viðmiðum Evrópusambandsins við melda meðallosun brennsluofna af gerðinni i8-1000A.....	16

1. Inngangur

1.1 Almennt um framkvæmdina

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. hefur í hyggju að koma upp brennsluofni á urðunarstaðnum á Strönd í Rangárþingi ytra fyrir dýrahæ og aðrar dýraleifar í áhættuflokki 1 og 2 frá sveitarfélögum og einkaaðilum á Suðurlandi, með afkastagetu allt að 4.000 tonn á ári. Undanfarin ár hafa dýrahæ frá sveitarfélögum og einkaaðilum á Suðurlandi farið til brennslu í Kölku eða til urðunar í Álfsnesi. Með ákvörðun stjórnar Sorpu bs. um að hætta að taka við úrgangi frá Suðurlandi til urðunar í Álfsnesi og með breyttum áherslum hjá Kölku er ljóst að þessar förgunarleiðir eru ekki lengur til staðar. Auk heldur uppfullir urðun dýrahæja ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum um förgun dýraleifa. Fyrirhuguð uppsetning á brennsluofni á Strönd er liður í lausn á þeim bráða vanda sem skapast hefur af þessum sökum. Undirbúningur verksins er unninn í nánú samstarfi við önnur sveitarfélög á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands bs.



Mynd 1. Staðsetning urðunarstaðarins á Strönd í Rangárþingi ytra.

1.2 Tillaga að matsáætlun

Tillaga að matsáætlun er verkáætlun fyrir fyrirhugað mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Í tillögu að matsáætlun er gerð grein fyrir framkvæmdinni og sett fram lýsing á framkvæmda- og áhrifasvæði hennar, ásamt þeim þáttum umhverfisins sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum. Í matsáætlun er því jafnframt lýst hvernig staðið verður að rannsóknum og mati á áhrifum. Samkvæmt 16. gr. rgl. nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum skal framkvæmdaaðili leita samráðs eins snemma og kostur er og kynna umsagnaraðilum og almenningi tillögu að matsáætlun.

1.3 Matsskylda

Eins og fyrr segir hefur Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. í hyggju að koma upp brennsluofni á urðunarstaðnum á Strönd í Rangárþingi ytra fyrir dýrahæ og aðrar dýraleifar í áhættuflokki 1 og 2 frá sveitarfélögum og einkaaðilum á Suðurlandi, með afkastagetu allt að 4.000 tonn á ári. Að mati Skipulagsstofnunar, dags. 9. maí 2019, fellur starfsemi með slíka afkastagetu undir tl. 11.02 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, þar sem segir:

11.02 Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnum eða urðuð. Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári.

Framkvæmdin fellur því í A-flokk sem í eru framkvæmdir sem eru ávallt matsskyldar og á málsmeðferð sú sem lýst er í IV. kafla laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum við um þær.

1.4 Leyfisumsóknir

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum:

- *Framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar*
Í 13. gr skipulagslaga nr. 123/2010 kemur fram að aflu skuli framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Sá sem óskar framkvæmdaleyfis skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar ásamt nauðsynlegum gögnum sem nánar skal kveða á um í reglugerð. Við umfjöllun um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldrar framkvæmdar skal sveitarstjórn kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og kanna hvort framkvæmdin sé sú sem lýst er í matsskýrslu. Þá skal sveitarstjórn taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.
- *Byggingarleyfi*
Framkvæmdin er háð byggingarleyfi Rangárþings ytra samkvæmt 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.
- *Starfsleyfi*
Urðunarstaðurinn á Strönd er rekinn samkvæmt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun, dags. 16. mars 2016, með gildistíma til 16. mars 2032. Gert er ráð fyrir að rekstur brennsluofnsins verði hluti af rekstri urðunarstaðarins og í samræmi við það verður sótt um breytingu á núgildandi starfsleyfi. Breytt starfsleyfi eða nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn er forsenda rekstrarins.

1.5 Mat á umhverfisáhrifum - tímaáætlun og umsjón

Drög að tillögu að matsáætlun sem birtast í þessu skjali eru lögð fram í desember 2019 til umfjöllunar í stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. Tillagan verður kynnt umsagnaraðilum og almenningi og þessum aðilum gefinn að lágmarki tveggja vikna frestur til að skila athugasemdum, sbr. 16. gr. rgl. nr. 60/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Stefnt er að því að endanleg tillaga að matsáætlun verði lögð fram til Skipulagsstofnunar sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eigi síðar en 3. mars 2020. Gert er ráð fyrir að ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun liggi fyrir 27. apríl, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000. Ráðgert er að undirbúningur frummatsskýrslu hefjist í kjölfarið, sbr. 9. gr. laga nr. 106/2000, og að meðferð Skipulagsstofnunar og kynningu frummatsskýrslu verði lokið 18. september 2020, sbr. 1.-4. mgr. 10. gr. laga nr. 106/2000.

Miðað við framangreindar forsendur er gert ráð fyrir að vinnu við endanlega matsskýrslu á grundvelli frummatsskýrslu verði lokið 28. september 2020, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 106/2000, og að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum gæti legið fyrir um miðjan nóvember 2020, sbr. 11. gr. laga nr. 106/2000.

Umsjón með matsvinnunni og öllum þáttum hennar er í höndum Umhverfisráðgjafar Íslands ehf. (Environice) fyrir hönd Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. Leitað verður til viðeigandi aðila um upplýsingar og samráð eftir því sem þörf krefur vegna matsins, s.s. Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. og Sorpstöðvar Suðurlands bs, auk þess sem samráð verður haft við Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun.

Verklag og aðferðafræði við matið verður í samræmi við fyrrnefnd lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum.

2. Um framkvæmdina

2.1 Tilgangur og markmið

Framkvæmdinni er ætlað að vera liður í lausn á þeim bráða vanda sem skapast hefur af þeim sökum að ekki er lengur hægt að senda dýrahæ frá sveitarfélögum og einkaaðilum á Suðurlandi til brennslu í Kólku eða til urðunar í Álfsnesi, eins og verið hefur undanfarin ár. Þessar förgunarleiðir heyra brátt sögunni til og því þarf að finna aðrar leiðir til að farga dýrahæjum og öðrum dýraleifum í áhættuflokki 1 og 2.

2.1.1 Förgunarleiðir skv. reglugerðum

Brennslustöðvar sem einungis meðhöndla dýrahæ falla ekki undir gildissvið reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 6. mgr. (a.iii) 25. gr. reglugerðarinnar. Því eru ekki gerðar sambærilegar kröfur um mengunarvarnir við slíka brennslu og gilda um sorpbrennslustöðvar fyrir almennan úrgang. Um brennslustöðvar sem einungis meðhöndla dýrahæ gilda ákvæði reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, auk áorðinna breytinga. Þannig skulu slíkar brennslustöðvar uppfylla skilyrði III. viðauka við reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011.

Efni í áhættuflokki 1 (skv. 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002), (svo sem áhættuvefir sem gætu borið riðusmit eða sem grunur leikur á að beri smitsjúkdóma sem geta borist í menn eða önnur dýr) og í áhættuflokki 2 (skv. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009), (svo sem sjálfdaud dýr) þurfa að fara í förgun. Þessum úrgangi ber að eyða með brennslu í brennslustöð sem stenst skilyrði reglugerðarinnar. Brennsla er þó ekki ófrávíkjanleg regla hvað áhættuflokk 2 varðar, þar sem unnt er að nýta þessar tilteknu dýraleifar til metanframleiðslu og fituna til brennslu. Slíkt þarf þó að gerast í vinnslu sem er fullkomlega aðskilin vinnslu á öðrum flokkum, auk þess sem þá þarf að brenna það sem eftir er eða eyða með öðrum tryggum hætti skv. ströngum skilyrðum reglugerðarinnar.

Síðustu misseri hefur efni í áhættuflokki 1 að miklu leyti verið sent til förgunar í brennslustöð Kólku á Suðurnesjum en einnig hafa nokkrir sláturleyfishafar fengið leyfi til að reka brennsluofna fyrir þann úrgang af áhættuflokki 1 sem fellur til í þeirra eigin starfsemi. Efni í áhættuflokki 2 hefur hins vegar ýmist verið sent til brennslu eða urðunar, þrátt fyrir að urðun hafi ekki uppfyllt ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

Allur sláturúrgangur í áhættuflokki 3 (skv. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009) getur nýst sem hráefni til framleiðslu á fitu til eldsneytis eða til framleiðslu á kjötmjöli eða moltu til áburðarnota og landgræðslu. Í áhættuflokk 3 fellur í stuttu máli allur sláturúrgangur (hlutar sláturdýra og aukaafurðir frá vinnslu) sem ekki er talinn geta borið með sér riðusmit og sýnir engin merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða önnur dýr.

2.2 Núverandi starfsemi

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. er byggðasamlag Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Ásahrepps. Sorpstöðin hefur verið starfrækt frá árinu 1993 og er hún aðili að Sorpstöð Suðurlands bs. Sorpstöð Rangárvallasýslu er með móttöku- og flokkunarstöð á Strönd í Rangárþingi ytra og er jafnframt eigandi jarðarinnar. Strönd á Rangárvöllum er staðsett um það bil miðja veginni milli Hellu og Hvolsvallar. Stöðin er rekin samkvæmt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun, dags. 16. mars 2016, með gildistíma til 16. mars 2032.¹ Samkvæmt starfsleyfinu er stöðinni heimilt að taka á móti allt að 6.350 tonnum af úrgangi á ári, þar af 5.200 tonnum til meðhöndlunar á Strönd. Á Strönd er leyfi fyrir urðun á allt að 2.500 tonnum af óvirkum úrgangi á ári, auk þess sem heimilt er að jarðgera 2.200 tonn á ári. Sömuleiðis er heimilt að urða allt að 800 tonn af lífrænum úrgangi, en sé sú heimild nýtt að fullu minnkar heimildin til jarðgerðar að sama skapi. Á Strönd er einnig heimilt að taka á móti 500 tonnum af rúlluplasti á ári og geyma til langtíma, auk heimildar til að taka á móti allt að 100 tonnum af hjólbörðum, 1.000 tonnum af málmum og 50 tonnum af spilliefnum á ári sem send eru til meðhöndlunar annars staðar.

2.3 Lýsing framkvæmdar

2.3.1 Brennsluofn

Brennsluofninn sem um ræðir er af gerðinni i8-1000A og kemur frá framleiðandanum Inciner8 í Bretlandi. Sami framleiðandi hefur selt minni brennsluofna til sláturleyfishafa á Íslandi til eyðingar dýraleifa í áhættuflokki 1 og 2 frá eigin starfsemi. Ofninn er vottaður af stjórnvöldum í Bretlandi til staðfestingar á því að hann uppfylli öll skilyrði reglugerðar Evrópusambandsins um eyðingu dýraleifa (Annex III of The Animal By-Products Regulation (EU) No. 142/2011), (sbr. rgl. nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis).


Hámarksafköst brennsluofnsins eru um 700 kg/klst. og hægt er að hlaða í hann allt að 2.000 kg af dýrahræjum fyrir hverja brennslulotu. Brennslan í brennsluofninum á sér stað við allt að 850°C hita og við það breytist lífræna efnið í ösku, útblástur og hita. Askan sem myndast er að mestu gerð úr ólífrænum hluta úrgangsins og endar annaðhvort sem harðir kögglar eða duft. Magn öskunnar svarar til um 3% af heildarmassa úrgangsins. Öskunni verður fargað í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Mögulegt er að nýta hitann sem frá ofninum kemur með einum eða öðrum hætti, m.a. til rafmagnsframleiðslu.

¹ Umhverfisstofnun. (2016). Starfsleyfi. Móttöku- og flokkunarstöð og urðunarstaður að Strönd.



Mynd 2. Brennsluofn af gerðinni i8-1000A

Brennsluofninn er 6,54 m á lengd, 1,84 m á breidd og 5,37 m á hæð. Gert er ráð fyrir að ofninn komi til landsins fullbúinn á 40 feta (12,19 m) fleti sem verður boltaður niður á 74 m² plötu sem steypt verður á staðnum. Þar yfir verði síðan reist stálgrindarskýli. Tillaga framleiðanda að lágmarksstærð stálgrindarskýlis utan um ofninn er 6,3 m að breidd og 11,7 m á lengd. Í skýlinu verða lagnir fyrir rafmagn, heitt og kalt vatn, auk fráveitulagnar.



Mynd 3. Tillaga framleiðanda að lágmarksstærð stálgrindarskýlis utan um ofninn.

2.3.2 Lóð

Brennsluofninum verður komið fyrir við eina af lokuðu urðunarreinunum á Strönd en nákvæm staðsetning hefur ekki verið útfærð. Þó er líklegt að ofninum verði komið fyrir á norðausturhluta

svæðisins (sjá mynd 4 og 5). Allir innviðir sem til staðar eru verða því nýttir eftir því sem mögulegt er, s.s. heimreið, bílavog, plön, girðingar og fráveitukerfi.

2.3.3 Geymsla á dýrahæjum og önnur mannvirki

Við stálgrindarskýlið (sjá frammar) verður settur upp lokaður gámur til tímabundinnar geymslu á dýrahæjum sé ekki unnt að hefja brennslu um leið og hræin berast. Gámurinn mun uppfylla skilyrði um varnir gegn meindýrum og lyktarmengun. Nú þegar er svipaður gámur til staðar á urðunarstaðnum til söfnunar á dýraleifum og öðrum slíkum úrgangi, sem fluttur er til urðunar eða brennslu. Við skýlið verður einnig settur upp olíutankur sem uppfyllir öll skilyrði reglugerða um árekstrarvarnir og lekavarnir. Olía er notuð til að halda uppi hita í brennslunni og er gert ráð fyrir að olíunotkunin nemi u.þ.b. 50 l/klst. á þeim tímum sem brennsla er í gangi.



Mynd 4. Áætluð staðsetning brennsluofns (appelsínugulur reitur) innan urðunarsvæðisins.



Mynd 5. Áætlun staðsetning brennsluofns.

2.4 Valkostir

Í frummatsskýrslu verður fjallað um núllkost til samanburðar við áhrif framkvæmdarinnar (aðalvalkost). Núllkostur felur í sér að brennsluofninn verði ekki settur upp, sem þýðir að leita þurfi annarra úrræða til að meðhöndla dýrahæ og aðrar dýraleifar í áhættuflokki 1 og 2 frá sveitarfélögum og einkaaðilum á Suðurlandi. Ekki verður hægt að halda áfram núverandi fyrirkomulagi eins og fram kemur hér að framan. Eins og fram kemur í kafla 2.1.1 er skylt að farga dýrahæjum og öðrum dýraleifum í áhættuflokki 1 og 2 með brennslu í brennslustöð sem uppfyllir skilyrði III. viðauka við reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011. Brennsla er þó ekki ófrávíkjanleg regla hvað áhættuflokk 2 varðar, þar sem unnt er að nýta þessar tilteknu dýraleifar til metanframleiðslu og fituna til brennslu. Slíkt þarf þó að gerast í vinnslu sem er fullkomlega aðskilin vinnslu á öðrum flokkum, auk þess sem þá þarf að brenna það sem eftir er eða eyða með öðrum tryggum hætti skv. ströngum skilyrðum reglugerðarinnar. Síðustu misseri hefur efni í áhættuflokki 1 að miklu leyti verið sent til förgunar í brennslustöð Kólku á Suðurnesjum, en ljóst er að ekki verður framhald á þeirri ráðstöfun. Nokkrir sláturleyfishafar hafa fengið leyfi til að reka brennsluofna fyrir þann úrgang af áhættuflokki 1 sem fellur til í þeirra eigin starfsemi. Efni í áhættuflokki 2 hefur hins vegar ýmist verið sent til brennslu eða urðunar, þrátt fyrir að urðun hafi ekki uppfyllt reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

Aðrir valkostir virðast ekki vera tiltækir, að frátöldum mismunandi valkostum varðandi stærð, staðsetningu og rekstraráðila brennsluofns. Einn slíkur valkostur gæti falist í uppsetningu mun stærri ofns sem tæki við dýrahæjum og öðrum dýraleifum í áhættuflokki 1 og 2 frá stærra landssvæði, svo sem frá öllu sunnan- og vestanverðu landinu eða frá Íslandi öllu. Annar valkostur væri brennsla í fullbúinni sorpbrennslustöð þar sem jafnframt væri tekið við almennum úrgangi

til brennslu, en slík stöð myndi falla undir gildissvið reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Þar væri um mun stærri fjárfestingu að ræða, sem jafnframt þyrfti mun lengri tíma til undirbúnings og uppsetningar og myndi þar af leiðandi ekki nýtast sem lausn á þeim bráða vanda sem hér hefur verið lýst.

Fjallað verður um framangreinda valkosti í frummatsskýrslu.

3. Staðhættir og skipulag

3.1 Staðsetning og afmörkun

Strönd á Rangárvöllum er norðan Suðurlandsvegur, miðja vegu milli Hellu og Hvolsvallar. Jörðin var eitt sinn í eigu Rangárþings ytra en sveitarfélagið seldi Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. spildu úr landinu fyrir urðunarstað. Mörk svæðisins liggja að Varmadal í vestri og Kirkjubæ í norðri. Í deiliskipulagi svæðisins kemur fram að svæðið á Strönd henti vel til urðunar þar sem svæðið er miðsvæðis á samlagssvæðinu og í nokkurri fjarlægð frá íbúabyggð þannig að umferð, lyktar- og sjónmengun hefur lágmarksáhrif á íbúabyggð.²

Unnið hefur verið að uppgræðslu í kringum svæðið undanfarin ár. Jarðvegsmanir eru umhverfis svæðið. Skógræktarsvæði er norðvestan við urðunarsvæðið og golfvöllur suðaustan við, í um 1 km fjarlægð. Landslag er flatt, og þ.a.l. lítil skjólmyndun, og því getur orðið mjög hvasst. Jarðvegurinn er sendinn og í vætutíð sígur vatn fljótt í jörðu. Þurr vatnsfarvegur liggur í gegnum urðunarsvæðið og um hann getur runnið vatn í stórrigningum og leysingum, einkum ef frost er í jörðu.

Áætlað er að nýta alla þá innviði sem til staðar eru á Strönd, eftir því sem mögulegt er, þ.m.t. m.a. heimreið, bílavog, plön, girðingar og fráveitukerfi. Á svæðinu eru urðunarreinar, gámar fyrir mismunandi úrgangsflokka, stórt aðstöðuhús og minna móttökuhús, auk annarra mannvirkja. Í frummatsskýrslu verður farið nánar yfir fyrirkomulag á svæðinu og gerð nákvæm grein fyrir staðsetningu á brennsluofni, móttökugámi og olútanki, aðreinum og stjórnun á umferð. Yfirlitsmynd framkvæmdasvæðis má sjá á mynd 4 hér að framan.

3.2 Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

Ekki er gert ráð fyrir að breyta þurfi gildandi aðalskipulagi eða deiliskipulagi vegna uppsetningar brennsluofnsins. Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem sorpförgunarsvæði í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 og í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið, samþykkt 21. ágúst 2013.³ Umrædd starfsemi virðist rúmast innan þessara skipulagsáætlana.

² Deiliskipulag sorpurðunarsvæðis á Strönd í Rangárþing ytra, 2013.

³ Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, 2010.

4. Mat á umhverfisáhrifum

4.1 Tilgangur mats á umhverfisáhrifum

Mat á umhverfisáhrifum er ferli þar sem á kerfisbundinn hátt eru metin þau áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfið áður en tekin er ákvörðun um hvort umrædd framkvæmd skuli leyfð. Við mat á umhverfisáhrifum er stuðst við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015. Markmið laga um mat á umhverfisáhrifum er:

- að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar.
- að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar.
- að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmdar sem áhrif hefur á umhverfið.
- að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en Skipulagsstofnun veitir álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

4.2 Þættir sem valda áhrifum

Ekki er gert ráð fyrir að umrædd starfsemi hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið umfram það sem fylgir þeirri starfsemi sem fyrir er. Starfseminni fylgir þó losun efna í loft, en mæligildi frá brennsluofninum sem um ræðir eru öll undir þeim viðmiðunarmörkum sem tilgreind eru í leiðbeinandi reglum Evrópusambandsins. Þá fylgir starfseminni nokkuð aukin umferð flutningatækja inn á svæðið, en um leið minnkar umferð flutningatækja milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins, þangað sem umræddur úrgangur hefur verið fluttur til urðunar síðustu ár. Þá er sem fyrr segir gert ráð fyrir að notaðir verði um 50 l/klst. af olíu til að halda uppi hita í brennslunni. Gert er ráð fyrir að umrædd starfsemi hafi fremur jákvæð en neikvæð samfélagsleg áhrif. Með henni opnast leið til viðunandi förgunar dýrahæja, en förgun dýrahæja er mikilvæg þjónusta fyrir atvinnulífið á svæðinu. Jafnframt styrkir brennslan rekstur sorpförgunarsvæðisins á Strönd og skapar aukin atvinnutækifæri þar. Þá stuðlar brennslan að minni flutningum dýrahæja innanlands með tilheyrandi jákvæðum áhrifum fyrir umferðaröryggi og mengun frá umferð. Loks dregur brennslan úr hættu á útbreiðslu búfjárjúkdóma, ef um slíkt er að ræða. Uppsetning brennslunnar er afturkræf og auðvelt að afmá ummerki hennar ef starfseminni verður hætt.

Í frummatsskýrslu verður lagt mat á eftirfarandi þætti; loftgæði, frárennsli, ásynnd og sjónræna þætti, lífríki, samfélag og atvinnulíf, lykt, hljóðvist og umferð. Ekki er talin þörf á að fjalla um:

- Náttúru- og menningarminjar. Skv. deiliskipulagi fyrir urðunarsvæðið á Stönd eru engar þekktar fornminjar innan skipulagssvæðis. Svæðið er ekki á náttúruminjasrá né hverfisverndað.
- Jarðmyndanir. Fyrirhugaður brennsluofn verður staðsettur við hlið lokaðrar urðunarreinar sorpurðunarsvæðisins og mun því að öllum líkindum ekki hafa áhrif á jarðmyndanir.

4.3 Áhersluþættir mats á umhverfisáhrifum

Upptalning umhverfisþátta tekur mið af eðli þeirrar framkvæmdar sem um ræðir og byggist jafnframt á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti er litið til viðmiða s.s. stefnumörkunar stjórnvalda, laga og reglugerða og alþjóðasamninga.

Tafla 1. Helstu áhrifaþættir vegna brennsluofns.

Umhverfisþættir	
Loftgæði	Mengun í útblæstri
Frárennsli	Mengun ofanvatns frá geymslusvæði og mengun í úrgangsvatni frá ofninum
Ásýnd og sjónrænir þættir	Breytt ásýnd svæðisins með tilkomu brennsluofns
Lífriki	Möguleg fjölgun meindýra
Samfélag og atvinnulíf	Áhrif á samfélag og atvinnulíf
Lykt	Möguleg áhrif af lyktarmengun
Hljóðvist og umferð	Aukning umferðar og mögulegur hávaði frá starfseminni

4.3.1 Loftgæði

Ýmsir þættir hafa áhrif á útblástur brennsluofna og má lágmarka losun mengandi efna með réttu verklagi. Í ofninum sem um ræðir verða einungis brennd dýrahæ og dýraleifar og því má ætla að lítið sé um þungmálma í brennslunni. Miðað við að brennsluofninn uppfylli kröfur um mengandi efni í útblæstri má gera ráð fyrir að losunin fari ekki yfir gildandi viðmiðunarmörk. Í tækniblaði framleiðanda kemur fram að mæld losun frá brennsluofninum er fyrir neðan viðmiðunarmörk Evrópusambandsins, en þess ber þó að geta að Evrópusambandið hefur einungis gefið út leiðbeinandi viðmið.⁴

Tafla 2. Samanburður á leiðbeinandi viðmiðum Evrópusambandsins við mælda meðallosun brennsluofna af gerðinni i8-1000A.

Breyta (á ½ klst. að meðaltali)	Viðmiðunarmörk	Mæld meðallosun
Öskumyndun (e. total dust)	30 mg/m ³	17 mg/m ³
Brennisteinstvíoxíð (e. sulphur dioxide)	200 mg/m ³	116,3 mg/m ³
Köfnunarefnistvíoxíð (e. nitrogen dioxide)	400 mg/m ³	361,9 mg/m ³
Kolmónoxíð (e. carbon monoxide)	100 mg/m ³	98,7 mg/m ³

Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir þeim mengunarefnum sem gera má ráð fyrir að starfsemin losi. Einnig verður gerð grein fyrir mengunarvarnarbúnaði fyrirhugaðs brennsluofns, ásamt því að fjallað verður um framkvæmd vöktunarmælinga og gagnasöfnun.

⁴ <https://www.inciner8.com/animal-incinerator/i8-1000A>

Almennt gildir að beita skuli bestu fánlegri tækni í mengandi starfsemi í landinu. Stuðst verður við upplýsingar frá framleiðanda um mælda meðallosun og mengunarvarnarbúnað. Lögð verður áhersla á að takmarka loftmengun frá starfseminni eins og kostur er og einungis verður notað eldsneyti sem uppfyllir ákvæði rgl. nr. 960/2016 um gæði eldsneytis. Markmið reglugerðarinnar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli eldsneytis og hugsanlegum skaðlegum áhrifum eldsneytis á heilsu fólks og umhverfi.

Viðmið verða sótt í:

- lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018.
- reglugerð um gæði eldsneytis nr. 960/2016.
- umsagnir og ábendingar í umhverfismatinu.

4.3.2 Frárennsli

Brennsla hefur í för með sér hættu á mengun í frárennsli og því eru gerðar kröfur um búnað til hreinsunar á frárennsli, þ.m.t. sérstakar kröfur sem varða eyðingu dýraleifa.

Í frummatsskýrslu verður lýsing á fyrirkomulagi meðhöndlunar ofanvatns, frárennslis frá starfseminni og mengunarvörnum. Gerð verður grein fyrir því hvernig fráveitu frá stöðinni verður hagað, hvort eða hvernig hún muni tengjast fráveitukerfi urðunarstaðarins og lýst þeim mengunarvörnum sem notast verður við. Stuðst verður við upplýsingar frá framleiðanda um mengunarvarnarbúnað vegna frárennslis frá brennsluofninum.

Viðmið verða sótt í:

- lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018.
- reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999.
- umsagnir og ábendingar í umhverfismatinu.

4.3.3 Ásýnd og sjónrænir þættir

Fyrirhugaður brennsluofn er sem fyrr segir 6,54 m á lengd, 1,84 m á breidd og 5,37 m á hæð (með strompi) og utan um hann verður reist stálgrindarskýli sem að lágmarki er 6,3 m á breidd og 11,7 m á lengd. Umhverfis urðunarsvæðið eru 2-4 m háar jarðvegsmanir, en tilgangurinn með þeim er m.a. að skerma af sjálft urðunarsvæðið m.t.t. sjónrænna áhrifa og að minnka fókhattu á svæðinu. Á svæðinu eru nú þegar m.a. mun stærra aðstöðuhús auk annarra mannvirkja.

Í frummatsskýrslu verður landslagi svæðisins lýst, sýndar myndir af svæðinu fyrir framkvæmdir og tölvugerðar myndir sem sýna hvernig ásýndin er líkleg til að verða að framkvæmdum loknum. Ekki er talið líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð áhrif á landslag og ásýnd, umfram það sem nú þegar er á svæðinu.

Viðmið verða sótt í:

- lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
- umsagnir og ábendingar í umhverfismatinu.

4.3.4 Lífríki

Nokkrar breytingar hafa orðið á gróðri og dýralífi á urðunarsvæðinu á Strönd frá því að starfsemi hófst þar fyrir tæpum þremur áratugum. Þessar breytingar birtast annars vegar í auknum gróðri vegna gróðursetninga og uppgræðslu á yfirborði aflagðra urðunarreina og hins vegar í fjölgun hrafna og sílamáva í ætisleit. Einnig hefur verið stunduð uppgræðsla í kringum urðunarsvæðið. Notaður hefur verið garðaúrgangur og húsdýraúrgangur sem fellur til á starfssvæðinu, en einnig hefur grasfræjum verið sáð.

Áætlað er að setja brennsluofninn upp á lítt grónu malarplani við eina af lokuðu urðunarreinunum og því má gera ráð fyrir lítilli sem engri röskun á gróðri vegna starfseminnar. Í frummatsskýrslu verður fjallað um áhrif tilkomu brennsluofnsins á gróðurfar og dýralíf í og við brennsluofninn.

Viðmið verða sótt í:

- lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
- umsagnir og ábendingar í umhverfismatinu.

4.3.5 Samfélag og atvinnulíf

Framkvæmdin hefur áhrif á ýmsa samfélags- og efnahagslega þætti. Með framkvæmdinni opnast leið til viðunandi förgunar dýrahæja, en förgun dýrahæja er mikilvæg þjónusta fyrir atvinnulífið á svæðinu. Jafnframt styrkir brennslan rekstur sorpförgunarsvæðisins á Strönd og skapar aukin atvinnutækifæri þar. Þá stuðlar brennslan að minni flutningum dýrahæja innanlands með tilheyrandi jákvæðum áhrifum fyrir umferðaröryggi og mengun frá umferð. Suðaustan við urðunarsvæðið er 18 holu golfvöllur og norðaustan við er skógræktarsvæði. Hingað til hafa áhrif af starfsemi urðunarsvæðisins talist óveruleg þar sem hvorki hefur verið um að ræða verulegt fok á rusli né ólykt frá urðunarstaðnum.⁵ Í frummatsskýrslu verður fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á samfélag og atvinnulíf.

Viðmið verða sótt í:

- umsagnir og ábendingar í umhverfismatinu.

4.3.6 Lykt

Lífrænn úrgangur er helsti orsakavaldur lyktar frá meðhöndlun úrgangs og því er sá möguleiki alltaf fyrir hendi að ólykt myndist þar sem slíkum úrgangi er safnað saman. Með réttu og skipulögðu fyrirkomulagi á förgun dýrahæjanna er hægt að takmarka verulega myndun ólyktar og jafnvel koma alveg í veg fyrir hana. Hámarksafköst brennsluofnsins eru um 700 kg/klst. og hægt er að hlaða í hann allt að 2.000 kg af dýrahæjum fyrir hverja brennslulotu. Koma þarf upp verklagi á tíðni brennslulota í takt við það magn sem berst. Ef ekki er unnt að hefja brennslu á dýrahæjum sama dag og þau berast þarf að tryggja að þau valdi ekki lyktarmengun og séu varin fyrir ágangi meindýra með því að geyma þau í þar til gerðum lokuðum gámum.

Miðað við að brennsluofninn uppfylli gildandi kröfur um mengandi efni í útblæstri er ólíklegt að vart verði við lyktarmengun frá ofninum í reglulegum rekstri. Engin viðmiðunargildi eru til fyrir lykt hérlendis en í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 eru þó almenn ákvæði um að ólykt

⁵ Stækkun móttöku-, flokkunar- og urðunarsvæðis að Strönd í Rangárþingi ytra, 2006.

eigi ekki að valda ónæði. Engin viðmið eru til staðar í íslenskum lögum og reglum hvað varðar lyktarmengun en í reglugerð um loftgæði nr. 787/1999 er talað um að lykt skuli ekki valda óþægindum.

Í frummatsskýrslu verður nánar fjallað um móttöku, meðhöndlun og geymslu á dýrahraejum og gerð verður grein fyrir þeim mótvægisáðgerðum og verklagsreglum sem eru til þess fallnar að draga mjög úr líkum á neikvæðum áhrifum lyktar á loftgæði. Í frummatsskýrslu verður einnig gerð nánari grein fyrir þeim búnaði sem notaður er til að draga úr lyktarmengun frá ofninum.

Viðmið verða sótt í:

- reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.
- reglugerð um loftgæði nr. 787/1999.
- umsagnir og ábendingar í umhverfismatinu.

4.3.7 Hljóðvist og umferð

Talsverð umferð og umgengni er um urðunarsvæðið við daglegan rekstur þess í dag, m.a. vegna vinnuvéla og flutningabíla. Með tilkomu brennsluofnsins má gera ráð fyrir aukinni umferð flutningatækja inn á svæðið. Í því samhengi má þó hafa í huga að urðunarstaðurinn er einungis opinn á dagvinnutíma og truflun af hávaða einskorðast við þann tíma. Að sama skapi dregur framkvæmdin úr flutningum dýrahraeja á milli landshluta. Til þess að draga úr áhrifum hávaða frá umferð inni á svæðinu hefur verið komið fyrir jarðvegsmönnum í kringum svæðið þar sem ekki eru náttúrulegar hæðir fyrir.

Í frummatsskýrslu verður fjallað um hvort núverandi mótvægisáðgerðir eru nægjanlegar m.t.t. til fyrirhugaðrar starfsemisaukningar, en einnig verður gerð grein fyrir hávaða frá brennsluofninum sjálfum og hver hann verður í desíbelum á lóðamörkum.

Viðmið verða sótt í:

- reglugerð um hávaða nr. 724/2008.
- reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.
- umsagnir og ábendingar í umhverfismatinu.

5. Kynning og samráð

Drög að tillögu að matsáætlun voru kynnt almenningi og hagsmunaaðilum, með auglýsingu í fjölmiðli auk þess sem drög að tillögunni verða gerð aðgengileg á vefsíðum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., Rangárþings ytra (www.ry.is) og Umhverfissráðgjafar Íslands ehf. (www.environment.is). Jafnframt var haft samráð við viðeigandi aðila og stofnanir eftir þörfum, s.s. Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. og Sorpstöð Suðurlands bs.

Tillaga að matsáætlun verður kynnt og samráði háttað í samræmi við ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Tillagan verður auglýst og gerð aðgengileg á vefsíðum Skipulagsstofnunar (www.skipulag.is) og Umhverfissráðgjafar Íslands ehf. Þá mun tillagan verða send lögbundnum umsagnaraðilum. Á þessu stigi hafa allir möguleika og rétt á að gera athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Á vinnsluferli frummatsskýrslu mun almenningi gefast kostur á að koma með athugasemdir og ábendingar um fyrirhugaða framkvæmd. Bæði frummatsskýrsla og matsskýrsla verða að öðru leyti kynntar á hefðbundinn hátt, eða eins og lög gera ráð fyrir.

6. Gögn og heimildir

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022. (2010).

<https://www.ry.is/static/files/2017/Adalskipulag/greinargerð-ask.pdf>

Deiliskipulag sorpurðunarsvæðis á Strönd í Rangárþing ytra. (2013).

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?countyno=8614>

Environice. (2017). Valkostir í söfnun og meðhöndlun úrgangs frá sveitarfélögum á Suðurlandi.

<https://www.environice.is/wp-content/uploads/2018/01/Valkostask%C3%BDrsla-SOS-171003.pdf>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2013). Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024.

Úrgangsstjórnun til framtíðar.

[https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneytimedia/media/PDF_skrar/Landsaaetlun-2013-2024-\(utgafa\).pdf](https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneytimedia/media/PDF_skrar/Landsaaetlun-2013-2024-(utgafa).pdf)

Umhverfisstofnun. (2016). Starfsleyfi. Móttöku- og flokkunarstöð og urðunarstaður að Strönd.

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. (2006). Stækkun móttöku-, flokkunar- og urðunarsvæðis að Strönd í Rangárþingi ytra. (2006).

https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/571/Matsskyrsla_Final_Desember_2006.pdf